

164. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli, 15. júní 2021 og hófst hann kl. 16:15.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging

Kynning á stöðu verkefnis.

Fundurinn fór fram bæði á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað.

Ragnar B. Sæmundsson formaður skipulags- og umhverfisráðs og Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu og fagnar ákvarðanatöku um framtíðaruppbyggingu á skólanum og vill einnig þakka stjórnendum og starfsfólki Grundaskóla fyrir sína miklu vinnu, sveigjanleika og samstarf.

Ragnar og Sigurður víkja af fundi.

2. 2106045 - Umsókn um breytingu á fjárhagsáætlun 2021

Erindi frá Tónlistarskóla Akraness.

Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri Tónlistaskóla Akraness situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð vísar afgreiðslu á aukningu á 20% starfshlutfalli kennara í bæjarráð, óskað er eftir frekari upplýsingum á kostnaði vegna viðburðarhalds og vísar ákvörðunar um stjórnunarhlufall sem er í samræmi við nemendafjölda til fjárhagsáætlunargerðar.

Jónína víkur af fundi.

3. 2104247 - Smiðjuloftið - þjónustusamningur

Lagt fram.

Skóla- og frístundaráð fagnar uppbyggingu Smiðjuloftsins og vísar erindinu til fjárhagsáætlunar.

4. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun

Kynning á stöðu vinnu við nýju menntastefnu.

Skóla- og frístundaráð þakkar kynningu og hlakkar til að fylgjast með framvindunni í haust.

5. 2012274 - Gjaldskrár 2021

Tillaga að breytingu á gjaldskrá á frístundastarfi.

Skóla- og frístundaráð samþykkir breytta útfærslu á gjaldskrá og vísar afgreiðslu í bæjarráð.

6. 1911114 - Þorpið- framtíðarsýn

Umræða um framtíðarsýn og húsnæðismál frístundastarfs í Þorpinu.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna málið áfram.

7. 2010020 - Aðgangsstýring inn í íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar

Kynning á stöðu verkefnis.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna málið frekar.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign (BD, LAS, SMS, FES og VJ).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:40.